

Faxaflóahafnir sf
Tryggvagata 17
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. apríl 2020
Tilvísun: 2020040128
GVGU/
Tilv. ykkar:

Efni: Sundabraut, tilnefning í starfshóp

Starfshópur á vegum ríkisins og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu skiluðu greinargerð varðandi Sundabraut í júní 2019.


Í framhaldi af niðurstöðum þeirrar skýrslu hefur Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið falið Vegagerðinni að leiða vinnu starfshóps um greiningu á þeim valkostum sem eftir standa við þverun Kleppsvíkur, þ.e. lágbrú og jarðgöng, áður en hægt verður að taka ákvörðun um legu Sundabrautar frá Sæbraut að Vesturlandsvegi í Kollafirði.

Í starfshópnum er gert ráð fyrir þátttakendum frá Reykjavíkurborg, Sambandi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Faxaflóahöfnum. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn geti hafið vinnu fyrir lok maí 2020 og verði lokið með skýrslu starfshóps til ráðherra eigi síðar en í nóvember 2020.

Ráðuneytið hefur jafnframt falið Vegagerðinni að óska eftir tilnefningum í starfshópinn.

Hér með er því óskað eftir tilnefningu um fulltrúa Faxaflóahafna í starfshópnum fyrir 15. maí 2020.

Virðingarfyllst,



Bergþóra Þorkelsdóttir

Forstjóri Vegagerðarinnar